

Konráð Gylfason

Kynningarbréf vegna kosninga til kirkjuþings 2022

Ágætu kjörmenn

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til kirkjuþings sem fulltrúi Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Ég hef verið í sóknarnefnd Árbæjarkirkju í áraraðir og gegni þar formennsku. Kirkjunnar mál eru mér hugleikin og hef ég mikla ánægju af því að taka þátt í starfi kirkjunnar. Ég hef áhuga á að taka að mér fleiri verkefni innan Þjóðkirkjunnar og hlakka ég því til að takast á við verkefni kirkjuþings.

Ég er fjölskyldumaður, bý með Örnú Hrönn Aradóttur, verkefnastjóra hjá Reykjavíkurborg. Saman eigum við fimm börn og höfum við hreiðrað um okkur í Norðlingaholti. Tíminn líður og börnin okkar eldast, skapast hefur því rými til frekari áskorana og vil ég nýta tímann vel í þágu samfélagsins. Tel ég áhugavert að fá að nýta tímann minn fyrir verkefni og tækifæri innan kirkjunnar og kirkjuþings til að vinna að málefnum samfélagsins. Bætt samfélag er grundvöllur frekari vellíðan íbúa lands og þjóðar og er Þjóðkirkjan í kjöraðstæðum til að taka frekari þátt í slíkri vegferð, margvísleg tækifæri bjóðast okkur nú eftir tímabil heimsfaraldurs og nýrra áherslna í okkar samfélagi. Við verðum öll að standa vörð um starfsemi Þjóðkirkjunnar, tryggja fjárhagslegan grundvöll hennar, efla sóknir landsins og tryggja þess að vígð þjónusta sé í samræmi við alla þá þörf í prestaköllum um landið allt. Góð þjónusta við sóknarbörn þjóðkirkjunnar er mikilvæg og verðum við að tryggja fjármagn og aðra aðstoð til sóknanna.

Ég er viðskiptafræðingur Bsc með áherslu á fjármál frá Háskóla Íslands og með framhaldsmenntun í stjórnun og forystu með áherslu á mannauðsstjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Sótti þar einnig nám í Þjónandi forystu, stefnumótun og framtíðarsýn, breytinga- og krísustjórnun og samningatækni. Síðastliðinn vetur bætti ég við mig menntun á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, viðbótardiplómu í menntun framhaldsskólakennara og öðlaðist leyfisbréf sem framhaldsskólakennari frá Menntamálastofnun.

Að þessu sögðu þá óska ég eftir ykkar stuðningi, gangi ykkur sem allra best og vonandi sjáumst við sem oftast í starfi kirkjunnar.



Konráð Gylfason

060771-5029

787-2700

konradgylfason@gmail.com

